

Reykjavík, 9. febrúar 2024

Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Efni: Umsögn Samorku um frumvarp til laga um Orkustofnun og raforkulög (Raforkueftirlitið), 29. mál

Samorka fagnar þeim breytingum sem orðið hafa á frumvarpinu frá því að það var birt í samráðsgátt og lagt fram á 153. löggjafarþingi (983. mál). Þær breytingar sem orðið hafa á frumvarpinu eru til þess fallnar að styðja við áform um sjálfstæði raforkueftirlitsins. Þó eru enn nokkur ákvæði í frumvarpinu sem þarf að huga betur að.

2. gr.

Í 2. gr. er fjallað um hlutverk Raforkueftirlitsins. Það er til mikilla bóta að hér standi ekki lengur að Raforkueftirlitið sinni „öðrum verkefnum sem Orkumálastjóri felur því“. Gerð er ágæt grein fyrir því í greinargerð hvers vegna það er talið mikilvægt að hafa svigrúm til að fela Raforkueftirlitinu önnur verkefni en að sinna raforkueftirliti samkvæmt raforkulögum, en hér þarf að fara varlega.

Þannig þarf sjálfstæði Raforkueftirlitsins að vera hafið yfir vafa og ekki hægt að fela því verkefni sem haft geta áhrif á vinnu þess í lögbundnum verkefnum. Þá er með hliðsjón af fjárreiðum Raforkueftirlitsins mjög mikilvægt að ekki sé hægt að fela því önnur verkefni, en raforkueftirlit skv. raforkulögum, nema því fylgi fjármagn.

Í þessu samhengi verður að víkja sérstaklega að umfjöllun í athugasemdum við 2. gr. í greinargerð með frumvarpinu en þar segir að undir 3. tl. 2. gr. falli t.d. verkefni tengd „...upprunaábyrgðum raforku, sbr. lög um upprunaábyrgð raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum o.fl., nr. 30/2008, en stjórnsluverkefnum þeim tengdum er sinnt af Raforkueftirlitinu.“ Verði frumvarpið að lögum er ljóst að verkefni eins þetta er ekki hluti af störfum Raforkueftirlitsins heldur er hér um að ræða verkefni Orkustofnunar. Þannig er í lögum um upprunaábyrgð á raforku hvergi kveðið á um aðkomu Raforkueftirlitsins að þeim málum, heldur einungis Orkustofnunar. Þá er í reglugerð um birtingu upplýsinga sem eru tengdar upprunaábyrgðum raforku nr. 757/2012 kveðið á um að reglugerðin sé sett með stoð í 2. mgr. 5. gr. raforkulaga. 5. gr. raforkulaga er í II. kafla laganna en það er sá hluti laganna sem mun heyra áfram undir eftirlit Orkustofnunar en ekki Raforkueftirlitsins.

Eigi Raforkueftirlitið að sinna verkefnum eins og þessu, þarf að vera skýrt að það hafi ekki áhrif á önnur störf þess og einnig þarf að liggja fyrir hvornig er greitt fyrir slíka vinnu. Þannig getur gjaldtaka samkvæmt 31. gr. raforkulaga eðli máls samkvæmt ekki staðið undir öðrum verkefnum en þeim sem kveðið er á um í 1. og að einhverju leyti 2. tl. 2. gr. frumvarpsins.

Þá má benda á að í greinargerð með frumvarpinu segir enn: „*Embættismaðurinn mun bera faglega og stjórnunarlega ábyrgð á rekstri Raforkueftirlitsins sem og öðrum verkefnum sem orkumálastjóri felur honum.*“ (sjá 3. kafla í greinargerð). Þetta eru væntanlega leifar frá fyrra frumvarpi þar sem gert var ráð fyrir að orkumálastjóri skipaði skrifstofustjóra og á þetta því ekki við lengur.

Í 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins segir að Raforkueftirlitið skuli vera sjálfstæð eining innan Orkustofnunar sem er rekin fjárhagslega aðgreind frá annarri starfsemi stofnunarinnar. Samorka vísar til fyrri athugasemda um þetta atriði en hér mikilvægt að tryggja að raforkueftirlitsgjöld skv. 31. gr. raforkulaga renni óskipt til Raforkueftirlitsins og séu eyrnamerkt með þeim hætti í fjárreiðum ríkisins.

4. gr. a.

Í 4. gr. a. í frumvarpinu segir að Orkustofnun fari með framkvæmd og eftirlit samkvæmt ákvæðum II. kafla raforkulaga en Raforkueftirlitið fari með framkvæmd og eftirlit samkvæmt ákvæðum III., IV., V. og VI. kafla.

Vísað er til fyrri athugasemda Samorku um eftirlit samkvæmt 7. gr. raforkulaga (sem er í II. kafla) og fjallar um starfsemi og skyldur vinnslufyrirtækis. Eftirlit á grundvelli 7. gr. á betur heima undir eftirliti Raforkueftirlitsins, eins og nú er. Í gildandi raforkulögum segir í 2. mgr. 24. gr. að Raforkueftirlitinu sé falið eftirlit samkvæmt lögnum, að undaskildum verkefnum tengdum virkjanaleyfum, sbr. 4., 5. og 6. gr. sem liggur hjá Orkustofnun. Engar skýringar eru á því í frumvarpinu eða greinargerð með því hvers vegna verkefni á grundvelli 7. gr. verða flutt til Orkustofnunar frá Raforkueftirlitinu.

4. gr. b

Í 4. gr. b eru tekin upp ákvæði úr núgildandi 24. gr. raforkulaga um samráð við eftirlitsskylda aðila um framkvæmd og þróun eftirlitsins. Í því skyni skuli starfa sérstök samráðsnefnd sem skipuð er fulltrúum eftirlitsskyldra aðila. Um skipan og störf samráðsnefndar er fjallað í reglugerð 466/2003. Nokkur ár eru liðin síðan samráðsnefndin var kölluð saman og er mælst til þess að úr því verði bætt sem allra fyrst, tryggð verði aðkoma eftirlitsskyldra aðila að þeim mikilvægu breytingum sem eru í farvatninu með þessu frumvarpi og öðrum yfirvofandi breytingum á raforkulögum.

Almennt

Auk þess sem fram kemur hér að framan er vísað til fyrri umsagna Samorku um þetta mál. Lögð er áhersla á mikilvægi þess að gæta að sjálfstæði Raforkueftirlitsins, bæði í orði og á borði. Þó sjálfsagt sé að einhver samnýting sé á t.d. húsnæði og stoðdeildum eins og mannauð, bókhaldi og afgreiðslu með Orkustofnun, þá er mikilvægt að tryggður sé lágmarksaðskilnaður varðandi gögn, aðskilnað rýma o.fl. slíkt.

Þá hefði að mati Samorku farið betur á því að lagaákvæði um eftirlit Raforkueftirlitsins væru sjálfstæðar greinar en ekki sé slegið saman eftirliti Orkustofnunar og Raforkueftirlitsins, eins og gert er í 9. gr. frumvarpsins.

Ráðstöfun og nýting sértekna Raforkueftirlitsins er að sjálfsögðu lykilþáttur í því að tryggja sjálfstæði eftirlitsins eins og bent er á hér að framan og mikilvægt að því verði vel fylgt eftir.

Samorka þakkar fyrir tækifærið til að veita umsögn um málið lýsir yfir vilja til að koma að frekari undirbúningi þessa mikilvæga máls, þar á meðal að mæta á fund atvinnuveganefndar og reifa betur þau sjónarmið sem hér eru sett fram.

Virðingarfyllst, f.h. Samorku



Katrín Helga Hallgrímsdóttir, lögfræðingur